



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavík 2. maí 2019

Tilv.: MMR16010247/13.2

Efni: Stefnumótun í íþróttamálum 2019-2030

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur unnið að endurskoðun stefnumótunar í íþróttamálum í samstarfi við íþróttanefnd ríkisins. Við mótun stefnunnar var horft til framtíðar og tekið mið af því sem áunnist hefur á undanförunum árum.

Stefnan sem nú er sett fram er sameiginleg stefnumótun þeirra aðila sem bera ábyrgð á málaflokknum, sem eru ríkið, sveitarfélögin og íþróttahreyfingin. Stefna í íþróttamálum byggist á því grundvallarsjónarmiði að almennt íþróttastarf utan skóla skuli skipulagt af frjálsum félagasamtökum. Þar er vísað til Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, Ungmennafélags Íslands, sérsambanda, íþróttahéraða, íþróttafélaga og deilda um land allt. Stór hluti landsmanna tekur þátt í þessu starfi á einn eða annan hátt, meðal annars með framlagi sjálfboðaliða sem taka þátt í stjórnun starfsins á öllum stigum. Stefnan tekur á öllum helstu þáttum íþróttar í starfi íþróttahreyfingarinnar og hvernig opinberir aðilar koma að starfinu.

Sett eru fram markmið og aðgerðir til að framfylgja þeim. Stefna þessi gildir frá 2019 – 2030. Stefnan verður endurmetin 2024 á vegum íþróttanefndar ríkisins.


Lilja D. Alfredsdóttir

Fylgiskj.: Stefnumótun mennta- og menningarmálaráðuneytis í íþróttamálum

ÁRBORG	
Brnr: 06. 03	Mótt: 9/5 19
Ábm: G. H. H.	Mnr: 1905166